



„...mér má finnast öðruvísi...“

Hugleikur – samræður til náms í leikskóla

Jórunn Elíðóttir og Sólveig Zophoníasdóttir

► Abstract ► Um höfundana ► About the authors ► Heimildir

Í þessari grein er fjallað um starfsþróunarverkefnið Hugleik – samræður til náms í leikskóla. Um er að ræða verkefni sem unnið var í samstarfi leikskólans Lundarsels á Akureyri, Miðstöðvar skólaþróunar og kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Megintilgangur verkefnisins var að starfsfólk leikskólans lærði um samræður og efldi leikni sína til að nota samræðuaðferðir með börnum í daglegu skólastarfi með það að markmiði að efla með börnum hæfni til að draga ályktanir, taka afstöðu og efla rökhugsun. Margvíslegar rannsóknir hafa farið fram á samræðum sem sýna að þær hvetja börn til að ígrunda og skerpa vitund þeirra um eigin hugsunaraðferðir. Samræðuaðferðir fela t.d. í sér að spyrja spurninga sem hvetja til ígrundunar í þeim tilgangi að efla með börnum gagnrýna hugsun og hæfni til að ræða saman. Verkefnið fellur vel að hæfniáherslum Aðalnámskrár leikskóla (2011) eins og þær birtast í almennum hluta þar sem lögð er áhersla á að skólar efli með börnum og ungu fólki hæfni til að afla gagna og upplýsinga og beita gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun hugmynda á skapandi hátt. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er m.a. lögð áhersla á að í leikskóla sé skapaður vettvangur þar sem allir taki virkan þátt í samræðum um almenn málefni, hlusti hver á annan, skiptist á skoðunum og taki þátt í heimspekilegum samræðum. Starfsþróunarverkefnið náði yfir tveggja ára tímabil og voru alls haldnar 8 samræðusmiðjur, auk þess sem starfsfólk leikskólans skráði niður valdar samræðustundir og tók þátt í rýnihópaviðtölum. Sagt verður frá hugmyndafræðilegum grunni verkefnisins, umfangi, inntaki, aðferðum og verkferum. Auk þess verður greint frá niðurstöðum skráninga og rýnihópaviðtala. Niðurstöður gefa starfsfólki leikskóla tilefni til að ígrunda og endurskoða starfshætti með það að markmiði að efla samræður með börnum í skólastarfinu.

Efnisorð: Leikskóli, samræður, heimspeki með börnum, barnabækur

Inngangur

Ýmsir fræðimenn hafa lagt áherslu á samræður til náms og má þar nefna bandaríska fræðimanninn Dewey (2000) og brasilíska uppeldis- og menntunarfræðinginn Freire (1972). Báðir lögðu áherslu á samskipti milli barna, og milli barna og fullorðinna, þar sem barnið er virkur þátttakandi. Freire (1972) lagði áherslu á að menntun byggðist á samræðum (e. dialogue teaching), væri þannig tæki til að auka vísýni og færni og stuðlaði að sjálfstæðri og fjálsri ákvarðanatöku hvers einstaklings. Kennsla ætti að snúast um samræður sem leið til þess að barnið gæti sjálft komist að niðurstöðu á eigin forsendum. Hlutverk kennarans væri að hjálpa barninu til þroska með innsæi sínu og taka ætti mið af getu og þroska hvers og eins í þessu sem öðru. Dewey (2000) hafði einnig þessa sýn á